

## Svar

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Erlu Pálmadóttur um verð dýralyfja og dýralæknakostnað.

1. *Hversu mikið hafa tollar á dýralyf fyrir húsdýr hækkað sl. 10 ár og hversu mikið hefur meðalkostnaður við lyfín hækkað samkvæmt búreikningum?*

Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóraembættinu eru ekki lagðir innflutningstollar á lyf.

Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um hækkun á verði dýralyfja sérstaklega þar sem lyfjakostnaður er ekki sérgreindur í búreikningum. Í búreikningum er hins vegar að finna upplýsingar um lyfja- og dýralæknakostnað samtals fyrir sérhæfð sauðfjárbú og sérhæfð kúabú. Samkvæmt þessum upplýsingum hefur meðallyfja- og dýralæknakostnaður á sérhæfðum kúabúum á 10 ára tímabilinu 1995–2004 hækkað um 83,6% á föstu verðlagi. Hafa ber til hliðsjónar að meðalkúabúið í uppgjöri búreikninga hefur stækkað úr 26 mjólkurkúm 1995 í 33,6 mjólkurkúr 2004. Reiknað á mjólkurkú var lyfja- og dýralæknakostnaður 5.916 kr./kú árið 1995 samanborið við 8.404 kr./kú árið 2004. Hækkun nemur 42,1% á verðlagi ársins 2004.

Lyfja- og dýralæknakostnaður á sérhæfðum sauðfjárbúum á sama tímabili og samkvæmt sömu forsendum lækkaði um 1,9% á föstu verðlagi. Hafa ber til hliðsjónar að meðalsauðfjárbúið í uppgjöri búreikninga hefur stækkað úr 281,5 vetrarfóðruðum kindum árið 1995 í 319,8 vetrarfóðraðar kindur árið 2004. Reiknað á vetrarfóðraða kind var lyfja- og dýralæknakostnaður 183 kr./kind árið 1995 samanborið við 158 kr./kind árið 2004. Lækkun nemur 13,7% á verðlagi ársins 2004.

2. *Hafa áhrif af hækkun lyfjaverðs á mjólkurverð verið greind?*

Frá febrúar 2000 til febrúar 2006 hefur hlutur lyfja í verðlagsgrundvelli kúabúa hækkað um 24,4% samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.

Hver áhrif þessa kostnaðar eru á verð mjólkur hefur ekki verið greint, sbr. svar við 1. lið.

3. *Hvernig hefur aksturskostnaður dýralækna þróast og er þróunin í samræmi við gjaldskrár ríkisins?*

Aksturskostnaður dýralækna fylgir aksturstöxtum ferðakostnaðarnefndar en samkvæmt samkomulagi landbúnaðarráðuneytisins og Dýralæknafélags Íslands er greitt 15% álag á þá taxa.

4. *Telur ráðherra að lög nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, þar sem eftirlitsstörf og almennar dýralækningar voru m.a. greind að, hafi orðið bændum til hagsbóta?*

Með lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, voru eftirlitsstörf og dýralækningar að fullu aðskilin í þremur umdæmum, þ.e. í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi, Gullbringu- og Kjósarumdæmi og í Suðurlandsumdæmi. Telja má að þetta hafi orðið bændum til hagsbóta í þessum umdæmum m.a. vegna þess að eftirlitsstörf urðu

samræmdari í umdæmunum miðað við þá skipan sem áður gildi, þegar eftirlitið var útfært af mörgum héraðsdýralæknum, t.d. í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi og í Suðurlandsumdæmi. Breytingin hafði einnig í för með sér að komið var á svokölluðu vaktakerfi dýralækna sem tryggði bændum aðgang að dýralækni á vakt allan sólarhringinn alla daga ársins. Í þessu sambandi má einnig benda á að ekki fer saman, frá sjónarmiðum stjórnsýslu, að sömu aðilar og sinna þjónustu og ráðgjöf fyrir bændur annist jafnframt eftirlit með búum þeirra.

5. *Hversu mikið hafa greiðslur bænda vegna lögboðins eftirlits dýralækna- og heilbrigðis- eftirlits sveitarfélaga aukist sl. 10 ár?*

Upplýsingar liggja ekki fyrir.